

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Vilhjálmur Egilsson
Kt. 1812524219
Dags. 19.8.2024 14:55:03
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Ásgeir Helgi Reykjaróð Gylfason
Kt. 2201824529
Dags. 23.8.2024 15:01:33
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Stefán Héðinn Stefánsson
Kt. 2612715679
Dags. 19.8.2024 20:33:48
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Marta Guðrún Blöndal
Kt. 0902882539
Dags. 20.8.2024 11:50:48
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hrund Rudolfsdóttir
Kt. 2503692989
Dags. 23.8.2024 09:21:34
Ástæða: Undirritun



Stjórn Vátryggingafélags Íslands, kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík („félagið“) hefur á grundvelli heimildar sem henni var veitt á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2024 samþykkt svofellda:

KAUPRÉTTARÁÆTLUN

í samræmi við 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003
(„kaupréttaráætlunin“)

1. TILGANGUR OG MARKMIÐ

- Tilgangur og markmið kaupréttaráætlunar þessarar er að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtíamarkmið félagsins og dótturfélaga þess („samstæðan“). Kaupréttaráætlun þessi er jafnframt gerð í samræmi við 4. gr. starfskjarastefnu félagsins.
- Starfsfólki félagsins gefst þannig kostur á að gera samning um ávinnslu kaupréttar á hlutum í félaginu í samræmi við kaupréttaráætlun þessa.

2. KAUPRÉTTARHAFAR

- Allir fastráðnir starfsmenn samstæðunnar, með þeim undantekningum sem að neðan greinir, falla undir kaupréttaráætlun þessa og teljast kaupréttarhafar í skilningi hennar. Við mat á því hvort starfsmaður sé fastráðinn skal einkum horft til þess að starfsmaður sé með ótímabundinn ráðningarsamning við félag innan samstæðunnar.
- Kaupréttaráætlun þessi nær ekki til verktaka, starfsmanna sem hafa verið ráðnir til skamms tíma eða stjórnarmanna félagsins.
- Kaupréttaráætlun þessi nær ekki til þeirra starfsmanna samstæðunnar sem vegna laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra reglna mega ekki eiga hluti í félaginu eða stunda viðskipti með þá.
- Kauprétturinn skal ná til allra nýrra fastráðinna starfsmanna að því gefnu að gerð slíkra kaupréttarsamninga rúmist innan þeirrar heimildar sem stjórn hefur til að gera kaupréttarsamninga.
- Félagið mun halda fund með starfsmönnum þar sem kaupréttaráætlun þessi verður kynnt. Þá mun félagið útbúa fræðsluefni fyrir starfsfólk í tengslum við kaupréttaráætlunina. Kynningunni verður fylgt eftir með tölvupósti.
- Kaupréttarsamningar sem gerðir verða við startsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar skulu vera skriflegir.



3. RÉTTINDI OG SKYLDUR

Hlutum keyptum með kaupréttarsamningi á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar fylgja öll sömu réttindi og öðrum hlutum í félaginu.

4. ÁVINNSLA OG NÝTING KAUPRÉTTAR

- 4.1 Í kauprétti sem gerður er á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar felst réttur til kaupa á hlutum fyrir samtals allt að kr. 4.500.000 í þremur áföngum á þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings á grundvelli áætlunar þessarar, þ.e. allt að kr. 1.500.000 á ári í þrjú ár, en þó að lágmarki kr. 50.000 í hvert skipti. .
- 4.2 Heimilt er að nýta kauprétt í þremur áföngum á þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings á grundvelli áætlunar þessarar, þ.e. einu sinni á ári yfir þriggja ára tímabil á innlausnartímabilinu í hvert skipti.
- 4.3 Með innlausnartímabilinu samkvæmt gr. 4.2 er átt við þrjú mismundandi árleg tveggja vikna tímabil sem hefjast tveimur viðskiptadögum eftir birtingu næsta ársfjórðungsuppgjörs félagsins er liðnir eru 12, 24 og 36 mánuðir frá undirritun kaupréttarsamnings.

5. GILDISTÍMI KAUPRÉTTAR

- 5.1 Ávinnsla kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningi er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi fyrir félag innan samstæðunnar. Kaupréttur tekur gildi við undirritun kaupréttarsamnings í samræmi við kaupréttaráætlun þessa og gildir þar til hann fellur niður á síðasta innlausnardegi eða samkvæmt neðangreindu.
- 5.2 Starfi kaupréttarhafi ekki lengur fyrir félag innan samstæðunnar þá fellur áunninn ónýttur kaupréttur hans niður, sbr. þó gr. 5.3. Stjórn er heimilt að víkja frá þessari reglu starfsmanni í hag hafi starfsmaður ekki brotið af sér í starfi.
- 5.3 Beri starfslok kaupréttarhafa að vegna aldurs, andláts hans eða vegna þess að hann verður óvinnufær sökum heilsubrests skal kaupréttarhafi, eða dánarbú hans, þó hafa hlutfallslegan áunninn kauprétt, miðað við lok þess mánaðar sem starfslok báru að. Um rétt til að nýta kaupréttinn fer samkvæmt 4. gr.

6. KAUPVERÐ OG HÁMARK KAUPA

- 6.1 Hlutir í félaginu hafa verið teknir til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland. Kaupverð hluta samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar skal ákvarðað í samræmi við vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag, sbr. 4. tölul. 10. gr., sbr. 9. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.
- 6.2 Nýti kaupréttarhafi kauprétt sinn skal hlutafé staðgreitt með reiðufé.
- 6.3 Hámarksupphæð sem hver kaupréttarhafi getur keypt hluti fyrir á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar er samtals kr. 4.500.000, þ.e. kr. 1.500.000, einu sinni



á ári í þrjú ár, sbr. ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Óheimilt er að safna upp eða fresta innlaun áunnins kaupréttar og fellur óinnleystur kaupréttur niður.

7. EIGNARHALDSTÍMI HLUTABRÉFA

- 7.1 Kaupréttarhöfum er ekki skylt að eiga keypta hluti samkvæmt kaupréttarsamningi í ákveðinn tíma, en í kaupréttarsamningi skal vera ábending um lögbundið skilyrði 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, um tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma frá nýtingu kaupréttar. Ef skilyrði ákvæðisins eru ekki uppfyllt telst mismunur kaupverðs samkvæmt kaupréttarsamningi og markaðsverð við innlaun til skattskyldra tekna sem launatekjur.

8. FRAMSAL OG VEÐSETNING

- 8.1 Kaupréttur samkvæmt kaupréttarsamningi er persónulega til hagsbóta fyrir starfsmann og verður ekki framseldur til þriðja manns. Þá er starfsmanni óheimilt að veðsetja kauprétt sem hann fær samkvæmt kaupréttaráætlun þessari. Við andlát kaupréttarhafa skal kauprétturinn ganga til erfingja kaupréttarhafa eftir reglum erfðaréttar og í samræmi við áunninn rétt og gerðan kaupréttarsamning.
- 8.2 Kaupréttur er ekki aðfararhæfur. Verði bú kaupréttarhafa tekið til gjaldþrotaskipta skulu þegar áunnin réttindi falla undir skiptin. Réttindi sem ekki hafa áunnist tilheyrja hins vegar starfsmanni áfram. Kauprétturinn og hlutabréf sem í stað hans koma skulu vera séreign starfsmanns.

9. FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR. ÁKVÖRÐUNARVALD OG EFTIRLIT

- 9.1 Stjórn félagsins skal hafa umsjón með framkvæmd áætlunarinnar. Þá skal stjórnin almennt fara með það vald og framkvæma þær ráðstafanir sem stjórnin telur nauðsynlegt eða æskilegt til þess að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt með áætlun þessari.
- 9.2 Stjórnin getur falið viðeigandi starfsmönnum félagsins framkvæmdaatriði vegna útgáfu kaupréttarsamninga, svo sem samskipti við kaupréttarhafa, umsjón með gerð kaupréttarsamninga og annað þess háttar. Stjórnarformaður annast samskipti við forstjóra vegna kaupréttar hans.
- 9.3 Stjórnin hefur, í samræmi við og með þeim takmörkunum sem fram koma í áætlun þessari og lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, heimild til að túlka áætlunina og þá kaupréttarsamninga sem gerðir eru samkvæmt henni. Ennfremur hefur stjórnin heimild til að leiðrétta villur sem kunna að vera í áætluninni eða til að bæta við atriðum sem vantar inn í áætlunina eða með öðrum hætti bæta úr þeim atriðum sem eru í ósamræmi við áætlunina eða þá kaupréttarsamninga sem gerðir hafa verið á grundvelli hennar.

10. HEIMILD TIL NIÐURFELLINGAR KAUPRÉTTARÁÆTLUNAR

- 10.1 Stjórn félagsins er heimilt að fella kaupréttaráætlun þessa niður í heild í eftirfarandi



tilvikum:

- a) við samruna félagsins við félag utan samstæðu;
- b) komi til þess að verulegur hluti samstæðunnar verði seldur;
- c) komi til endurskipulagningar fjárhags, afturköllunar starfsleyfis, greiðslu-stöðvunar eða ef nauðasamningur er staðfestur; eða
- d) ef fyrir sé að félagið uppfylli ekki eða sé líklegt til að uppfylla ekki gjaldþolskröfu, sbr. XVI. kafla laga nr. 100/2016, eða kröfur um lágmarksfjármagn, sbr. XVII. kafla sömu laga.

10.2 Taki stjórn ákvörðun um niðurfellingu kaupréttaráætlunar þessarar falla niður öll réttindi og skyldur sem af kaupréttaráætluninni má leiða án þess að sú ákvörðun leiði til bótaábyrgðar fyrir félagið.

11. SKATTALEGAR AFLEIÐINGAR

11.1 Kaupréttarsamningar skulu innihalda ákvæði sem fjallar um skattalegar afleiðingar þess ef starfsmaður selur keypta hluti í félaginu án þess að skilyrði 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 séu uppfyllt. Félagið ber enga ábyrgð á skattalegum afleiðingum þess sem nýting kaupréttarhafa á kauprétti eða hvers kyns ráðstafanir á kaupréttinum eða hinum keyptu hlutum, kann að hafa í för með sér.

12. ÚTGÁFA EÐA KAUP Á HLOTUM

12.1 Kaupréttaráætlunin, kaupréttarsamningar gerðir á grundvelli hennar og skuldbindingar félagsins gagnvart kaupréttarhöfum eru ávallt bundnar skilyrði um að félagið geti afhent hlutafé til að efna samninga, annað tveggja með útgáfu nýrra hluta eða afhendingu eigin hluta.

13. STAÐFESTING SKATTSINS

13.1 Kaupréttaráætlun þessi er háð samþykki Skattsins og verður borin undir embættið til staðfestingar, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 áður en hún tekur gildi.

14. TILKYNNINGAR

14.1 Allar tilkynningar á grundvelli kaupréttarsamninga skulu vera skriflegar á netfangið kauprettur@skagi.is.

15. GILDANDI LÖG OG ÚRLAUSN ÁGREININGS

15.1 Íslensk lög skulu gilda um kaupréttaráætlun þessa og kaupréttarsamninga gerða á grundvelli hennar.

15.2 Rísi ágreiningur um túlkun kaupréttaráætlunarinnar eða einstaka kaupréttar-



samninga skal eftir fremsta megni og í góðri trú leitast við að jafna allan ágreining með samkomulagi. Náist ekki samkomulag innan 30 daga frá því að ágreiningur kemur upp skal heimilt að hefja gerðarmeðferð fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands.

16. ÖNNUR ÁKVÆÐI

16.1 Rafræn undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 á kaupréttarsamning jafngildir hefðbundinni undirritun.

Reykjavík, 16. ágúst 2024

**STJÓRN FÉLAGSINS STAÐFESTIR HÉR MEÐ KAUPRÉTTARÁÆTLUN ÞESSA MEÐ
RAFRÆNNI UNDIRRITUN**



Vátryggingafélag Íslands hf.

KAUPRÉTTARSAMNINGUR

ÞESSI SAMNINGUR UM KAUPRÉTT („samningurinn“) er á milli eftirfarandi aðila:

- (1) „kaupréttarhafa“ og
- (2) **Vátryggingafélags Íslands hf.**, kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík („félagið“).

Vísað er sameiginlega til kaupréttarhafa og félagsins sem „aðila“ í samningnum.

ÞAR SEM:

- (A) Félagið hefur á grundvelli ákvörðunar hluthafafundar 21. mars 2024 samþykkt að veita starfsmanni kauprétt á hlutum í félaginu fyrir samtals allt að kr. 4.500.000 í þremur áföngum á þremur árum frá gerð samningsins, þ.e. allt að kr. 1.500.000 á ári í þrjú ár, með skilmálum og að uppfylltum skilyrðum þessa samnings.
- (B) Kaupréttarhafi er starfsmaður hjá félaginu og uppfyllir kaupréttur á grundvelli samnings þessa skilyrði 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, enda hefur Skatturinn fyrir gerð þessa samnings staðfest kaupréttaráætlun félagsins sem samningur þessi er gerður í samræmi við.

ÞÁ Hafa aðilar gert með sér eftirfarandi samning:

1. SKILGREININGAR

„**innlausnartilkynning**“ er sérstök tilkynning sem kaupréttarhafi sendir félaginu til að upplýsa að hann ákveði að nýta sér kauprétt samkvæmt samningnum;

„**innlausnardagur**“ vísar til þeirrar dagsetningar sem innlausnartilkynning er afhent;

„**innlausnartímabil**“ eru þrjú mismunandi árleg tveggja vikna tímabil sem hefjast tveimur viðskiptadögum eftir birtingu næsta ársfjórðungsuppgjors félagsins er liðnir eru 12, 24 og 36 mánuðir frá undirritun samnings þessa;

„**innlausnarverð**“ er vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag, sbr. 1. mgr. 10. gr. núgildandi laga um tekjuskatt, nr. 90/2003;

„**kaupréttaráætlun**“ merkir þá kaupréttaráætlun sem stjórn félagsins samþykkti og Skatturinn hefur staðfest;



„**kaupréttarhafi**“ er sá starfsmaður samstæðunnar sem undirritar samning þennan;

„**kaupréttur**“ merkir rétt starfsmanns til að kaupa hlut í félaginu á ákveðnum tíma, á fyrirfram ákveðnu gengi, gegn því að hann starfi fyrir félagið um tiltekinn tíma;

„**samstæðan**“ merkir Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009 og dótturfélög þess í skilningi 2. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995;

„**starfslok**“ merkir sá dagur þegar starfsmaður hættir daglegri viðveru hjá fyrirtækinu, óháð því hvenær hann fer af launaskrá félagsins;

„**viðskiptadagur**“ vísar til þess dags (annarra en laugardags og sunnudags) þegar viðskiptabankar eru almennt opnir í Reykjavík.

2. ÁVINNSLA OG INNLAUSN KAUPRÉTTAR

- 2.1 Kaupréttur skal áunninn við upphaf innlausnartímabils.
- 2.2 Kaupréttarhafa er heimilt að kaupa hluti í félaginu fyrir samtals allt að kr. 4.500.000 í þremur áföngum á þremur árum frá gerð samningsins, þ.e. allt að kr. 1.500.000 á ári í þrjú ár, en þó að lágmarki kr. 50.000 í hvert skipti. Fjöldi hluta leiðir af framangreindu hámarkskaupverði og kaupgengi hluta, sbr. þó gr. 2.6.
- 2.3 Kjósi kaupréttarhafi að nýta áunninn kauprétt skal hann tilkynna það skriflega til félagsins á netfangið kauprettur@skagi.is á innlausnartímabili. Í innlausnartilkynningu skal tilgreina innlausnardag og hve mikinn hluta áunnins kaupréttar kaupréttarhafi kýs að nýta á innlausnardegi.
- 2.4 Óheimilt er að færa eða fresta innlausn kaupréttar og skal einungis heimilt að nýta hann á innlausnartímabili. Þannig getur kaupréttarhafi að hámarki keypt hluti fyrir á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar er kr. 1.500.000, einu sinni á ári í þrjú ár, sbr. ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003
- 2.5 Kaupréttarhafa er óheimilt að nýta kauprétt ef innlausn væri í raun eða samkvæmt skynsamlegu mati kaupréttarhafa andstæð lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, reglum félagsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda og innherja eða öðrum þeim reglum sem félagið hefur sett og kaupréttarhafi er bundinn af. Í slíkum tilvikum skal nýting heimil strax og slíkt bann hættir að eiga við um viðkomandi starfsmann.
- 2.6 Kaupréttarhafa er ljóst að heimild stjórnar til að úthluta kaupréttum og afhenda hluti takmarkast á hverjum tíma af ákvörðun hluthafafundar og starfskjarastefnu félagsins. Ef nýting kaupréttar á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins leiðir til þess að samanlagður fjöldi keyptra hluta fer umfram heimildir skal kaupréttarhafa skylt að þola hlutfallslega skerðingu kaupréttar. Við hlutfallslega skerðingu kaupréttar samkvæmt þessu ákvæði skal jafnræðis gætt meðal kaupréttarhafa.



3. KAUPVERÐ OG GREIÐSLA

- 3.1 Kaupréttarhafi skal greiða innlausnarverð fyrir hvern hlut.
- 3.2 Kaupverð innleystra hluta skal greitt með millifærslu innan fimm (5) viðskiptadaga frá innlausnardegi gegn afhendingu hlutanna, inn á bankareikning sem tilgreindur er af félaginu.

4. GILDISTÍMI

- 4.1 Við starfslok hjá félagi innan samstæðunnar fellur úr gildi allur réttur kaupréttarhafa til þess að ávinna sér frekari kauprétt. Starfslok eða fráfall kaupréttarhafa hafa ekki áhrif á þegar innleystan kauprétt.
- 4.2 Láti starfsmaður af störfum, fellur áunninn ónýttur kaupréttur hans niður þann dag sem hann lætur af störfum hjá félaginu. Beri starfslok kaupréttarhafa að vegna aldurs, andláts hans eða vegna þess að hann verður óvinnufær sökum heilsubreysts skal kaupréttarhafi, eða dánarbú hans, þó hafa hlutfallslegan áunninn kauprétt, miðað við lok þess mánaðar sem starfslok báru að. Um rétt til að nýta kaupréttinn fer samkvæmt gr. 2. og 3.
- 4.3 Stjórn félagsins er heimilt að semja um frávik frá ákvæðum þessarar greinar í sérstökum tilvikum.

5. RÉTTARSTAÐA KAUPRÉTTARHAFA

- 5.1 Þeim hlutum sem félagið afhendir kaupréttarhafa á grundvelli samnings þessa skulu fylgja öll sömu réttindi og skyldur og öðrum hlutum í félaginu.
- 5.2 Kaupréttarhafi öðlast ekki réttarstöðu hluthafa vegna kaupréttar í félaginu fyrr en hlutir hafa verið greiddir og afhentir, en með afhendingu er átt við skráningu í hlutaskrá félagsins.
- 5.3 Kaupréttarhafa er ekki skylt að nýta áunninn kauprétt. Kaupréttarhafa er heimilt að nýta áunninn kauprétt aðeins að hluta, að virtu því lágmarki sem kemur fram í gr. 2.2.

6. RÉTTARSTAÐA FÉLAGSINS OG FYRIRVARI UM SKULDBINDINGU

- 6.1 Kaupréttur samkvæmt samningi þessum takmarkar hvorki rétt félagsins til hækkunar eða lækkunar hlutafjár, né til skiptingar eða samruna við annað félag/félög, enda þótt slíkar ráðstafanir kunni að hafa áhrif á kauprétt.
- 6.2 Kaupréttur samkvæmt samningi þessum takmarkar ekki á neinn hátt rétt félagsins til að gera nauðsynlegar breytingar á starfsemi sinni, svo sem til sölu eigna, fjárfestinga eða lántöku.
- 6.3 Kaupréttaráætlun og kaupréttarsamningur þessi auk skuldbindinga félagsins gagnvart kaupréttarhöfum skulu ávallt vera bundnar því skilyrði að félagið geti afhent hlutafé til að efna samninga, annað hvort þannig að félagið hafi gilda



heimild hluthafafundar til að gefa út nýtt hlutafé án þess að forkaupsréttarhafar nýti rétt sinn eða þannig að félagið hafi yfir að ráða eigin hlutum til afhendingar til kaupréttarhafa.

7. SKATTALEGAR SKYLDUR

- 7.1 Kaupréttaráætlun félagsins hefur hlotið staðfestingu frá Skattinum skv. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Í því felst að ekki myndast skattskyldar tekjur við innlausn kaupréttar, enda þótt gagnverð hluta í félaginu á innlausnardegi kunni að vera hærra en kaupverð. Selji kaupréttahafi hluti keypta samkvæmt samningi þessum, að liðnum tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma, skattleggst söluhagnaður, þ.e. mismunur söluverðs og lægra kaupverðs, sem fjármagnstekjur. Slíkur söluhagnaður manns, sem ber ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sætir ekki afdrætti skatts í staðgreiðslu. Skattlagning söluhagnaðarins fer fram eftir á byggt á grundvelli álagningar vegna skattskila. Selji kaupréttarhafi hlutina áður en tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma er náð skal greiða tekjuskatt af söluhagnaði vegna kaupréttar.
- 7.2 Félagið ber ekki ábyrgð á þeim skattalegu afleiðingum sem nýting starfsmanns á kauprétti, eða hvers kyns ráðstafanir á kaupréttinum eða hinum keyptu hlutum, kann að hafa í för með sér.

8. FRAMSAL OG VEÐSETNING

- 8.1 Réttindi samkvæmt samningi þessum eru ekki framseljanleg til þriðja aðila. Við andlát kaupréttarhafa erfist kauprétturinn til erfingja kaupréttarhafa samkvæmt reglum erfðaréttar í samræmi við áunninn rétt og samning þennan. Kaupréttur samkvæmt samningi þessum er ekki aðfararhæfur. Kaupréttur og hlutabréf sem í stað hans koma skulu vera séreign kaupréttarhafa. Verði bú kaupréttarhafa tekið til gjaldþrotaskipta skulu þegar áunnin réttindi falla undir skiptin.
- 8.2 Kaupréttarhafi skal ekki stofna til neinna kvaða eða veðréttinda yfir þeim rétti sem honum er veittur á grundvelli þessa samnings. Kaupréttarhafi hefur þó heimilt til að veðsetja þá hluti sem hann eignast eftir nýtingu kaupréttar.

9. TILKYNNINGAR

- 9.1. Allar tilkynningar og samskipti í tengslum við samning þennan, skulu vera skriflegar og sendar á netfangið kauprettur@vis.is.

10. LÖG OG LÖGSAGA

- 10.1 Íslensk lög gilda og skulu lögð til grundvallar, stofnunar, framkvæmdar og túlkunar samnings þessa.
- 10.2 Aðilar eru sammála um að komi til ágreinings á milli þeirra í tengslum við framkvæmd og túlkun þessa samnings skuli þeir eftir fremsta megni og í góðri trú leitast við að jafna allan ágreining með samkomulagi sín á milli. Nái aðilar ekki



samkomulagi innan 30 daga frá því að ágreiningur kemur upp skal hvorum aðila um sig heimilt að hefja gerðarmeðferð í samræmi við ákvæði þetta.

- 10.3 Öll ágreiningsefni sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við samning þennan túlkun hans eða framkvæmd skal skotið til endanlegrar úrlausnar Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands. Gerðardómurinn skal skipaður einum gerðarmanni. Ákvæði þetta ásamt reglugerð Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands telst gerðarsamningur á milli aðila samnings þessa. Að öðru leyti gilda lög um samningsbundna gerðardóma um störf gerðardómsins.

11. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 11.1 Kaupréttarhafi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér kaupréttaráætlun félagsins og hafi staðið til boða að sækja fræðslu um kaupréttaráætlunina á vegum félagsins.
- 11.2 Samning þennan ber að skýra og túlka eins og aðilarnir hafi samið hann sameiginlega og að jöfnu, þar sem þeir hafa báðir þekkingu og reynslu af slíkri samningsgerð. Því skal engin óvissa, óskýrleiki eða vafi skýrð öðrum hvorum aðila samningsins í óhag á þeirri forsendu að hann hafi samið samninginn.
- 11.3 Samningur þessi er undirritaður rafrænt í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Samningurinn tekur gildi við undirritun félagsins og telst sá dagur vera „samningsdagur“ sbr. 4. tölul. 1. mgr. 10 .gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.